

## Leiðbeiningar fyrir verktaka og þjónustuaðila

Tilgangur með þessum leiðbeiningum er að benda á stefnu og starfshætti Sjótækni ehf. í gæða-, öryggis- og umhverfismálum. Sjótækni hefur innleitt gæða-, öryggis- og umhverfisstjórnun í starfsemi sinni og leggur áherslu á öryggi starfsmanna og að lágmarka umhverfisáhrif í rekstri fyrirtækisins.

### Starfsleyfi

Sjótækni skiptir eingöngu við þjónustuaðila og verktaka sem hafa gilt starfsleyfi eða gild réttindi, þegar það á við.

### Öryggisreglur Sjótækni

Allir verktakar sem vinna fyrir Sjótækni ehf skulu uppfylla öryggiskröfur fyrirtækisins um réttindi og búnað. Við upphaf vinnu eða við gerð samninga skal kynna öryggiskröfur fyrirtækisins fyrir viðkomandi og tryggja að farið sé eftir þeim kröfum í allri vinnu fyrir Sjótækni ehf með undirritun viðkomandi. Geyma skal undirritaða yfirlýsingu í skjalavörslu Sjótækni.

### Úrgangur

Úrgangur fyrirtækisins er flokkaður til endurvinnslu eins og hægt er og skilað til viðurkennds móttökuaðila. Eftirfarandi eru flokkar úrgangs sem við á til endurvinnslu:

Pappi, plast, heimilissorp og fernur. Frekari upplýsingar um flokkun má fá hjá starfsmönnum Sjótækni.

### Spilliefni

Spilliefni eru efni sem keypt eru inn sem varasöm efni. Dæmi um spilliefni eru, rafhlöður, rafgeymar, málning, úrgangsolía og efnaafgangar sem ekki eru nothæfir og þarf að farga.

Á starfsstöðvum fyrirtækisins er öllum spilliefnum haldið aðskildum frá almennum úrgangi og skilað til viðurkennds móttökuaðila.

Spilliefni eru geymd þannig að ekki sé hætt á að þau mengi umhverfið. Mismunandi efnum skal haldið aðgreindum í upprunalegum umbúðum. Ef spilliefnum er hellt á brúsa eða í önnur ílát skal merkja ílátið með upplýsingum um hættulega eiginleika (t.d. eldfimt eða ertandi), efnaflokk (olía, málning, leysiefni o.s.frv.) og magn úrgangsins. Eingöngu skal nota traustar umbúðir sem henta viðkomandi efnum.

### Varasöm efni

Með varasömum efnum er átt við efni sem eru merkt með hættumerkjum. Þessi efni hafa heilsuskaðleg áhrif á lífverur, fólk og umhverfi. Þessi efni má ekki losa út í umhverfið þar sem þau geta haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

### Hættumerki fyrir varasöm efni:



sprengifim  
efni

eitur  
efni

ærtandi  
efni

eldfim  
efni

heilsuskaði

skaðleg  
náttúrunni

eldnærandi  
efni

loft undir  
þrýstingi

alvarlegur  
heilsuskaði

Hjá Sjótækni er leitast við að nota varasöm efni í lágmarki og notast frekar við efni sem eru síður skaðleg umhverfi og heilsu manna.

Eiturefni eru geymd í læstri loftræstri geymslu. Efnin eru geymd þannig að ekki er hætt á að umbúðir falli og opnast t.d. við jarðskjálfta. Gæta skal þess að efnin berist ekki í niðurföll t.d. við árekstur eða annarskonar hnjask.

*Notkun:*

Ávallt skal meðhöndla varasöm efni með varúð og samkvæmt leiðbeiningum um notkun efnanna. Óheimilt er að losa efnin út í umhverfið, í frárennsliskerfi eða í niðurföll.

*Umbúðir:*

Varasöm efni skulu ávallt geymd í upprunalegum umbúðum frá framleiðanda. Umbúðir sem eru sérhannaðar fyrir varasöm efni má ekki nota í öðrum tilgangi.

### **Öryggisblöð**

Þjónustuaðili skal hafa til staðar öryggisblöð fyrir öll varasöm efni, sem hann þarf að nota á starfssvæði Sjótækni. Öryggisblöðin skulu vera á íslensku en einnig skiljanleg starfsmönnum sem ekki skilja íslensku. Þau skulu vera aðgengileg á geymslu- og notkunarstað efnanna. Öryggisblöð er hægt að fá hjá söluaðila efnanna.

### **Útblástur frá bifreiðum, vélum og tækjum**

Óheimilt er að skilja ökutæki í þjónustu fyrirtækisins eftir í lausagangi lengur en í örstutta stunda nema sérstaklega standi á.

### **Rafmagnsnotkun**

Eitt af umhverfismarkmiðum Sjótækni er að minnka notkun rafmagns. Halda skal orku- og vatnsnotkun í lágmarki við vinnu á starfssvæði Sjótækni.

### **Viðbrögð við slysum á fólki eða atviki þar sem liggur við slysi**

Forða skal frekara slysi og vara aðra við aðstæðum, veita hinum slasaða fyrstu hjálp og kanna meiðsli hans. Hringja skal í Neyðarlínuna 112 og óska eftir aðstoð ef hinn slasaði þarf á lækniástoð að halda eða koma honum undir læknishendur svo fljótt sem verða má.

**Ávallt skal tilkynna öll atvik til þjónustustjóra Sjótækni bæði stór og smá, það sama á við um atvik þar sem liggur við slysi.**

### **Viðbrögð við umhverfisslysi/atviki**

Undantekningarlaust skal stöðva orsakir mengunar/skaða og koma í veg fyrir að mengun berist í umhverfið eða breiðist frekar út.

Hringja skal í Neyðarlínuna í síma **112** ef mengun eða umhverfisskaði er af þeirri stærðargráðu að ekki takist að bæta fyrir hann tafarlaust á staðnum.

Ávallt skal tilkynna atvikið til aðstoðarframkvæmdastjóra og þjónustustjóra Sjótækni.